



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 586

Sverrir Kjartansson

(1924-2013)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 586

Sverrir Kjartansson

(1924-2013)

Formáli

Sverrir Kjartansson fæddist þann 8. maí 1924. Hann andaðist á Líknardeild Landspítalans þann 28. ágúst 2013. Foreldrar Sverris voru hjónin Kjartan Júlíus Jónsson bakari í Reykjavík, fæddur að Krossabrekku í Rosmhvalaneshreppi þann 21. júlí 1885, dáinn þann 17. apríl 1987 og Ingibjörg Guðmundsdóttir, fædd í Hrótsstaða- Norðurkoti í Flóa, þann 19. ágúst 1900, dáin þann 26. október 1999. Þau gengu í hjónaband þann 30. september 1923. (Sjá Bergsætt II 1966, bls. 65-66). Foreldrar Kjartans voru Marín Jónsdóttir, fædd 7. mars 1854, á Þórarinsstöðum, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, dáinn 11. febrúar 1942 í Reykjavík, húsfreyja á Hafurbjarnarstöðum og svo í Reykjavík og Jón Sigurðsson, fæddur 14. október 1858 á Sarpi í Skorradalshrepp, Borgarfirði, dáinn 18. júlí 1932 í Reykjavík, bóndi á Hafurbjarnarstöðum, Miðneshreppi, Gullbringusýslu og víðar, svo sjómaður og daglaunamaður í Reykjavík. Hann flutti til Reykjavíkur 1901.

Kjartan Júlíus Jónsson fluttist til Kanada árið 1924 þegar Sverrir var um þriggja mánaða gamall. Hann kom þar með skipinu S.s. Melagama þann 9. ágúst 1924 þá 29 ára gamall. Á tilkynningareyðublaði innflytjendayfirvalda sem hann fyllir út með eigin hendi segir hann að bróðir sinn í Kanada hafi greitt fargjaldið og að förlinni sé heitið til hálfbróður síns, S. G. Magnússonar. Nánasti ættingi sé eiginkona, Ingibjörg Guðmundsdóttir til heimilis að Laugavegi 81 Reykjavík. Þá segir hann að markmið fararinnar til Kanada sé „To make my home“. Af hálfu Kjartans stóð til að Ingibjörg kæmi síðar með soninn en af því varð ekki og skildu þau. Kjartan fór fyrst til Kanada þar sem hann átti tvo hálfbræður.

Árið 1926 fluttist Kjartan til Bandaríkjanna. Hann vann fyrst í miðvesturríkjunum, (Milwaukee?) þar sem hann starfaði sem bakari. Hann flutti til Seattle um fimmtugt og bjó lengst af þar en flutti til Los Angeles þegar hann var hættur störfum. Sverrir, einkasonur hans, sótti hann til Los Angeles 1986 og bjó honum heimili hjá sér. Kjartan eignaðist ekki aðra afkomendur. Kjartan átti einn bróður á Íslandi, Sveinbjörn, ávallt kallaður Bjössi. Sveinbjörn Jónsson var fæddur 12. júlí 1893 dáinn 22. júlí 1973 í Reykjavík, sjómaður og verkamaður, en lengst af húsvörður hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Þeir skrifuðust á meðan Sveinbjörn, Bjössi, lifði. Hann var ógiftur og barnlaus og þótti sérstakur. Þar sem að Sverrir var eini ættingi Sveinbjörns er hann lést voru í fórum Sverris nokkur skjöl, bréf og persónulegir munir sem Sveinbjörn lét eftir sig. Kjartan var mjög fróðleiksfús, las mikið, bókmenntir og heimspeki. Ingibjörg sagði hann alltaf hafa verið lesandi og eyddi öllu sínu fé í bækur. Hann lét eftir sig gríðarmikið af bókum, heimspekirit, klassískar bókmenntir, orðabækur. Hann hóf að læra spænsku á gamals aldri til að halda sér við að því hann sagði. Gögn sem eru til frá Kjartani, eru meðal annars leyfi til að fara úr landi, frá Íslandi til Englands og þaðan til Kanada/Bandaríkjanna, vegabréf, aðildabók verkalýðsfélags, afmæliskort frá Ronald Regan. Jakobína Johnson skáldkona í Seattle þekkti hann, bók árituð frá henni var í hans eigu, kort frá ættingjum í Bandaríkjunum (your niece) ljósmyndir af ættingjum í Bandaríkjunum, gögn sem sýna að hann hefur kvænst aftur 65 ára gamall og ljósmynd af brúðhjónunum. Bréf frá Sverri til Kjartans og frá Kjartani til Sverris, bréf frá Ingibjörgu til Kjartans og bréf frá bróður hans Bjössa, það er Sveinbirni Jónssyni, ljósmyndir og kort. Þessi

gögn eru frá því um 1920 og fram yfir 1980. Barnabörnin skrifuðu honum einnig, aðallega Hildur og í gögnum hans voru mörg bréf frá henni frá um og fyrir 1970 fram til 1985.

Sverrir heimsótti föður sinn til Seattle árið 1947 og dvaldi hjá honum um háls árs skeið. Hann stundaði þá nám við Edmonton High skólann og sagði hann frá því að hann hefði sungið þar einsöng á jólatónleikum sem útvarpað var beint um Bandaríkin. Þessi söngur mun hafa verið tekinn upp. Hljómplata merkt og innpökkuð fannst í fórum Sverris að honum látnum, en ekki er vitað hvaða efni hún hefur að geyma. Í kjölfarið var honum boðið að stunda söngnám við virtan tónlistarskóla sér að kostnaðarlausu, en Sverrir hafnaði því og sneri aftur til Íslands. Úr fórum Sverris er minningabók frá dvölinni í skólanum, meðal annars þar sem hann hefur geymt sýnishorn rithandar samnemenda sinna og lýsir þeim. Þá eru þar rituð kveðjuorð kennara til hans. Árið 1986, 19. júlí, er Kjartan var háaldraður, sótti Sverrir föður sinn til Bandaríkjanna og bjó honum heimili hjá sér þar til hann lést þann 17. apríl 1987. Þá höfðu þeir hist sennilega þrisvar sinnum. Af gögnum er Sverrir lét eftir sig sést að hann reyndi að komast til Bandaríkjanna að heimsækja föður sinn fyrir stríð. Meðal annars eru bréfaskriftir til Danmerkur til að afla leyfa til að komast frá Íslandi og til Bandaríkjanna. Ekkert varð af þessum fyrirætlunum, væntanlega vegna stríðsins. Þessi gögn eru í möppu sem Sverrir lét eftir sig. Þá lét Sverrir eftir sig töluvert af bréfum frá Kjartani, en þeir skrifuðust reglulega á frá því að Sverrir var á unglingsaldri. Þegar Kjartan var sóttur og fluttur til Íslands 1986 háaldraður, voru öll hans skjöl og heimilismunir fluttir með. Því eru nú til töluvert af bréfum sem Ingibjörg, fyrrum eiginkona Kjartans, hafði sent honum, þar sem hún segir honum fréttir af mönnum og málefnum á Íslandi sem og af fjölskyldunni, aðallega högum Sverris og barna hans. Bréfin eru frá því um 1950 og fram yfir 1980. Sverrir hafði náð áður en hann lést að setja í eina möppu gögn frá föður sínum Kjartani, og í eina möppu gögn er vörðuðu hann sjálfan, þar eru m.a. nokkur bréf er þeim fór á milli. Flest bréfanna eru þó óflokkuð í kassa, einnig bréf Ingibjargar til Kjartans.

Móðir Sverris, Ingibjörg Guðmundsdóttir, var dóttir Guðmundar hreppstjóra á Hrútsstaða-Norðurkoti í Flóa, sem var sonur Þorkels hreppstjóra í Óseyrarnesi. Móðir Ingibjargar var Stefanía Magnúsdóttir, dóttir Magnúsar smiðs í Garðbæ á Eyrarbakka. Það er til kommóða í ættinni sem afi Ingibjargar smíðaði. Hún mundi eftir kommóðunni frá því hún var barn, þá stóð hún í baðstofunni undir glugganum á milli rúmana. Var borðað við kommóðuna. Ingibjörg var yngst 13 systkina. Ingibjörg fluttist til Reykjavíkur um 1918 og fór þá leið gangandi. Hún tók foreldra sína til sín og annaðist í ellinni. Faðir hennar var blindur síðustu æviárin. Fyrsta barn hennar, Reynir, fór í fóstur að Klængseli. Hún giftist Kjartani sem var bakari í Reykjavík og um tíma í Stykkishómi, þau eignuðust Sverri. Kjartan fluttist til Bandaríkjanna og gerði ráð fyrir að Ingibjörg myndi fylgja á eftir með soninn en úr því varð ekki. Síðar giftist hún Þórði Þórðarsyni trésmíðameistara frá Haga í Holtum, fæddur 4. apríl 1886 og átti með honum tvö börn, Harald, fæddan 5. janúar 1927, bifreiðasmið, lengst af yfirmaður verkstæðis Strætisvagna Reykjavíkur og Ingibjörgu, fædda 23. maí 1928. Þórð missti hún 1930. Hann byggði meðal annars Flókagötu 3 ásamt bróður sínum. Ingibjörg bjó þar æ síðan með yngstu dóttur sinni og næstum til æviloka. Síðar bjó Ingibjörg með Eiríki Eiríkssyni verkstjóra frá Miðbýli á Skeiðum fæddum 1. apríl 1894 en hann lést eftir stutta sambúð úr berklaveiki þann 18. júní 1942. Með Eiríki átti Ingibjörg yngstu dóttur sína, Sigríði Gerðu, fædd 30. mars 1934. Ingibjörg var húsmóðir í Reykjavík alla tíð, en vann einnig utan heimilis á saumastofu. Einn bræðra henna var Eiríkur, faðir Elísabetar Eiríksdóttur söngkonu, annar bróðir hennar var Guðmundur, kallaður Guðmundur ættfræðingur, en hann lagði mikið til skráningar á Bergsættinni. Guðni Jónsson er tók saman Bergsættina og þætti frá sögu Stokkseyrar og Eyrarbakka var frændi Ingibjargar, þau voru náskyld.

Sverrir fæddist í Reykjavík og ólst þar upp í Skuggahverfinu. Hann mundi fyrst eftir sér á Laugavegi 81, hornhúsið þar sem nú er veitingastaður. Hann stundaði nám við lönskólann þar sem hann lærði pípulagnir. Frá unga aldri var hann í sveit á sumrin, meðal annars á Stóra Hofi á Rangárvöllum. Móðir hans varð ung ekkja eftir seinni eiginmann sinn, þá með þrjú börn á framfæri, en Reynir, elsti sonurinn, fór þriggja vikna gamall í fóstur að Klængsseli

til hjónanna Margrétar Tómasdóttur og Einars Halldórssonar. Sverrir var því sendur ungur í sveit að Stóra- Hofi á Rangárvöllum og minntist hann þess að hafa verið bundinn upp á hnakkinn. Hann talaði oft um það, hversu góð gamla konan að Stóra- Hofi hafði verið honum. Um 16 ára aldur var Sverrir eitt ár í vinnumennsku á Flögu í Skaftártungu. Hann fór heim til að vinna fyrir heimili móður sinnar og systkina, er sambýlismaður hennar Eiríkur Eiríksson (fæddur 1894) og faðir Gerðu, yngstu systurinnar, var orðinn veikur en hann andaðist árið 1942. Sverrir stundaði verslunarstörf, meðal annars í hljómplötudeild Fálkans, en lengst af hjá Húsgagnaverslun Kristjáns Siggeirssonar en varð síðan um tíma framkvæmdastjóri Alþýðublaðsins, 1960-1961. Í bréfi til föður síns segir hann meðal annars frá starfslokum á Alþýðublaðinu. Er hann starfaði hjá Kristjáni Siggeirssyni hafði hann hafið virka þátttöku í félagsmálum, en það þótti ekki fara saman með verslunarstörfunum. Sverrir sagði frá því að Kristján hefði verið óánægður með vinnu sína með Byggingarsamvinnufélaginu Framtaki og talið að hann væri þá of þreyttur á daginn sem kæmi niður á vinnunni. Kristján sagði honum að hann yrði að hætta þessu félagsmálástussi. Sverrir hætti frekar hjá Kristjáni en að gefa það eftir.

Það var meðan Sverrir vann hjá Fálkanum að hann kynntist fyrri eiginkonu sinni, Ragnhild. Systir hennar, Gerd, var þar verslunarstjóri og kom Ragnhild í búðina að hitta hana og kynntist þá Sverri. Sverrir tók mikinn þátt í félagsmálum. Hann var jafnaðarmaður og var virkur í Alþýðuflokknum meðal annars var hann kosningastjóri Alþýðuflokksins í borgarstjórnarkosningunum 1978 þegar borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokksins féll. Hann stofnaði, árið 1962, Auglýsingaþjónustuna ásamt teiknurunum Kristínu Þorkeldsdóttur, Gísla B. Björnssyni og Snorra Sveini Friðrikssyni en það mun hafa verið fyrsta alhliða auglýsingastofan hér á landi. Upp úr þeirri samvinnu slitnaði sama ár en Sverrir hélt áfram með Auglýsingaþjónustuna þar til hann seldi reksturinn árið 1974. Hann hafði teiknara í vinnu, en sá um viðskiptin, slagorðin og textana samdi hann sjálfur og eru mörg þeirra þekkt: Tónalítirnir, „Harpa gefur lífinu lit“ og fleira. Sverrir var einn af stofnendum Byggingasamvinnufélagsins Framtaks sem stofnað var árið 1955 og formaður þess, en félagið gaf húsbyggjendum sínum kost á að greiða sem stærstan hluta byggingarkostnaðarins með vinnuframlagi. Félagið reisti eitt fyrsta háhýsið hér á landi, 12 hæða blokk á Hálogalandshæðinni, við Sólheima. Blokkirnar voru í raun þrjár: Leikarablokkin, það er nr. 27 og svo vélstjórablokkin og löggublokkin. Þær fengu nafn sitt af byggingarsamvinnufélögunum er þær reistu. Félagaskírteini Sverris og samningur um byggingu og kaup á íbúð er í fórum Sverris. Einnig ljósmyndir teknar í grunni háhýsis Sólheima 27. Sverrir flutti með fjölskyldu sinni í íbúð á 1. hæð, þegar það var nýbyggt. Meðan það var í byggingu bjó Sverrir með fjölskyldu á 2. hæð á Flókagötu 3, í íbúð sem yngri bróðir hans, Haraldur átti en Haraldur hafði erft föðurbróður sinn. Sverrir sagði síðar að það hafði þurft að breyta byggingareglugerð til að heimilt/ unnt væri að reisa svo hátt hús og beitti hann sér fyrir því og þannig var unnt að hefja byggingu háhýsa í Reykjavík. Á byggingartíma birtust oft viðtöl, myndir og greinar í blöðum við Sverri um verkið, en var hann á þessum tíma, í kringum 1960, framkvæmdastjóri Alþýðublaðsins. Sverrir hóf að selja auglýsingar í Símaskrána þannig að auglýsingin væri staðsett við nafn viðkomandi auglýsingaaðila. Tók hann verkið að sér á vegum Pósts og Síma árið 1978 og var auglýsingastjóri Símaskrárinnar sem verktaki til ársins 1993. Honum sagðist svo frá að hann hefði kynnt hugmyndina fyrir Póst- og símamálastjóra og lofað hagnaði að þremur árum liðnum og samið um þóknun af væntanlegum hagnaði. Það gekk eftir og urðu auglýsingalínur í símaskrána mjög vinsælar. Þar sem Sverrir fékk ekki greiðslur fyrr en eftir verkefni hvers árs og varð að fjármagna verkið sjálfur þangað til urðu eftirmálar þegar að öðrum aðila var fengið verkefnið eftir um 15 ára starf Sverris við þetta verk og afhent öll gögn Sverris um viðskiptavini án endurgjalds. Hann var þá orðinn fullorðinn og varð þetta honum mikið áfall.

Í fórum Sverris eru gögn um fyrstu auglýsingarnar í símaskrána og óskir viðskiptavina þar að lútand. Sverrir hófst handa við að undirbúa svo kallaðar *Silfursíður*, sem áttu að vera auglýsingar um vörur og þjónustu sérstaklega fyrir eldra fólk, en ekki varð úr því. Sverrir taldi markað vera hér fyrir tímarit um málefni líðandi stundar, með viðtölum og umfjöllunum, ásamt

léttara efni. Hann hóf því að gefa út slíkt tímarit. Tímaritið *Blanda* kom út en útgáfan var ekki tímabær, og varð ekki framhald á henni. Tónlist og söngur var líf og yndi Sverris frá unga aldri. Sverrir lærði á gítar og mandólín hjá Guðmundi sem var í Briem- kvartettinum ásamt konu sinni Ragnheiði Þórólfsdóttur. Ragnheiður hafði verið móður hans, Ingibjörgu, til aðstoðar á heimilinu á Flókagötu 3. Þau hjón bjuggu í Auðarstræti og flutti Sverrir fljótlega til þeirra. Sverrir var einn af stofnendum Mandólinhljómsveitar Reykjavíkur árið 1943 og var í stjórn félagsins frá upphafi og til 1947. Hann lék á 1. mandólín. Sverrir lék með Briem- kvartettinum og Mandólinhljómsveit Reykjavíkur á fimmta áratugnum. Hljómsveitin hélt tónleika og kom fram í útvarpi. Það eru til upptökur hjá Útvarpinu af leik hljómsveitarinnar og Sverris þar sem hann leikur einleik á mandólín. Prógramm og aðgöngumiði og pöntunarbók að fyrstu tónleikum hljómsveitarinnar er í fórum Sverris, ásamt ljósmyndum af tónleikum hljómsveitarinnar í Austurbæjarbíó. Einnig ljósmyndir af Briem- kvartettinum og nótur. Seinni maður Ragnheiðar var Kristján Einarsson, húsasmíðameistari og seinna meðhjálpari í Langholtskirkju. Dóttir hans, Sólveig, mun hafa eða hafa haft í fórum sínum mikið af upptökum og nótum frá Briem- kvartettinum (og ætlaði að gefa það á safn á Austurlandi). Sverrir gekk í Karalakór Reykjavíkur árið 1943 og fór með kórnum í tónleikaferð til Danmerkur. Síðan gekk hann í Tónlistarfélagskórinn og í framhaldi af því í Þjóðleikhúskórinn við stofnun árið 1953 (Tónlistarfélagskórinn varð Þjóðleikhúskórinn). Hann tók þátt í tónlistar- og óperuuppfærslum Þjóðleikhússins og söng meðal annars hlutverk Goro hjúskaparmiðlara í *Madam Butterfly* (1965) og fjögur hlutverk í *Ævintýrum Hoffmans* (1966). Sverrir kom fram á mörgum sýningum Þjóðleikhússins og söng með kórnum meðan hann starfaði í Þjóðleikhúsinu. Kórinn gaf einnig út hljómplötu og söng í sjónvarpinu. Hann fór í tónleikaför Karalakórsins til Vesturheims. Hann fékk aðstoð við að taka upp að minsta kosti í eitt skipti flutning á óperu í Þjóðleikhúsinu og eru þær upptökur á segulböndum. Þá söng Sverrir í kirkjukór Hallgrímskirkju og lengst af í kirkjukór Fríkirkjunnar í Reykjavík og í Kammerkórnum undir stjórn Rutar Magnússon og fleiri sönghópum um árabíl.

Á efri árum söng Sverrir í mörg ár með eldri félögum úr Karalakór Reykjavíkur. Þeir sungu mikið við jarðarfarir og á dvalarheimilum og sjúkrahúsum á hátíðisdögum. Í fórum Sverris eru prógröm frá revíum, uppfærslum í Þjóðleikhúsinu og annars staðar og ýmiss konar tónleikum allt frá þriðja áratugnum. Hann tók að sér ýmis önnur verkefni tengd söngnum. Hér má nefna Tónleika 78, *Cavaleria Rusticana* sett upp og flutt og tekið upp og gefið út á hljómplötu. Þjóðleikhúskórinn og Sinfóníuhljómsvei Íslands, hljómsveitarstjóri Jean-Pierre Jaquillat. Einsöngvarar Ingveldur Hjaltested, Erlingur Vigfússon, Halldór Vilhelmsson, Solveig Björling, Sigríður Ella Magnúsdóttir. Gögn varðandi undirbúning þessara viðburða, útgáfusamningur, upptökusamningur, hlutverkaskipan, samskipti við hljómsveitarstjórnann Jean- Pierre Jaquillat, bréf milli þeirra o.fl. eru í fórum Sverris, eintak af hljómplötunni og meðfylgjandi tónleikaskrá. Sverrir stundaði þáttagerð fyrir Ríkisútvarpið um árabíl og sá meðal annars um þáttaraðirnar *Hin gömlu kynni* og *Úr handraðanum* sem enn eru fluttir í útvarpinu af og til eða notaðir að hluta í aðra þætti. Þættirnir eru ómetanleg heimild um tónlistarlíf á Íslandi á síðustu öld. Hann ferðaðist um landið, talaði við fólk, skrifaði niður, tók upp og vann úr þessi efni þættina. Í fórum Sverris eru gögn um ferðir hans um landið til að safna heimilda í þáttinn, uppskrifuð viðtöl, bréfaskriftir o.fl. Ekki er vitað hvort allt það er hann safnaði að sér hafi verið notað í þættina. Afrit af þáttunum eru á kassetum.

Fjölskylda:

Systkini Sverris sammæðra eru: Reynir Geirsson fæddur 27. ágúst 1920, dáinn 24. maí 1994, Haraldur Þórðarson, fæddur 5. janúar 1927, dáinn 11. febrúar 2010, Ingibjörg Þórðardóttir, fædd 23. maí 1928 og Sigríður Gerða Eiríksdóttir fædd 30. mars 1934. Sverrir var tvíkvæntur. Hann kvæntist, þann 24. desember 1948, Ragnhild Johanne Røed, fædd í Svelvik í Vestfold, Noregi, þann 26. júlí 1924. Ragnhild bjó í Steinsholti í Garðahreppi ásamt foreldrum og systkinum. Faðir hennar, Edvard Røed, var umsjónarmaður loðdýrabúsins í Minkagerði sem hlutafélagið Refur hf. rak, en það var um tíma eitt stærsta loðdýrabúið á Norðurlöndum. Frá Edvard er sagt í nýlegri *Sögu Garðabæjar* og eru þar ljósmyndir af Edvard, og þeim systur Gerd og Ragnhild. Aldrei stóð til að þessi norska fjölskylda yrði hér

svo lengi sem varð, eða 16 ár, en þar kom til að Noregur varð hernuminn af Þjóðverjum og komust þau hjón Edvard og Esther ekki til baka fyrr en eftir stríð. Þau byrjuðu búskap sinn á Kirkjuteig 28, þar sem Ragnheiður og Guðmundur bjuggu. Síðan bjuggu þau á Öldugötu 29, Flókagötu 3, það er í íbúð bróður Sverris, meðan á byggingu háhýsinsins í Sólheimum stóð, svo Sólheimum 27 og Öldugötu 5. Þá var keypt einbýlishús við Kársnesbraut, en það selt skömmu síðar og aldrei flutt í það húsnæði. Sverrir og Ragnhild slitu samvistum 1966. Ragnhild lést 27. mars 2015. Sverrir og Ragnhild eignuðust fjögur börn: Edvard Kjartan fæddur 20. apríl 1950, maki Halldóra Jónsdóttir. Eiga þau tvö börn, Sigríði Ester, fædd 8. ágúst 1977 og Úlf Jóhann, fæddur 29. maí 1988. Maki Sigríðar er Árni Bergmann Jóhannsson og eiga þau tvö börn, Óliver Bergmann fæddan 2006 og Birnu Rubý fædd 2009. Hildur, fædd 11. desember 1955, maki Júlíus Baldvin Helgason, fæddur 10. apríl 1955. Börn þeirra eru Ívar Baldvin, fæddur 24. desember 1985 og Ragnhildur Jóhanna, fædd 29. september 1988. Heiða, fædd 25. júlí 1962. Heiða á tvær dætur, með Heiðari Rafni Sverrissyni, Anítu, fædd 15. júlí 1985. Dóttir Anítu er Sóley Marín, fædd 2009. Dóttir Heiðu með Reyni Jónssyni er Rebekka Marín Reynisdóttir, fædd 6. nóvember 1999. Davíð Guðmundur, fæddur 19. janúar 1965, maki Jófríður Guðmundsdóttir. Dóttir þeirra er Hulda Rún, fædd 7. mars 1997. Sverrir kvæntist á ný þann 26. september 1981 Aðalheiði Guðrúnu Önnu Halldórsdóttur frá Kroppsstöðum í Öfundarfirði, fædd 4. apríl 1938. Dóttir Aðalheiðar frá fyrra hjónabandi er Ingibjörg Jóna Birgisdóttir, fædd 19. desember 1957 og gekk Sverrir henni í föður stað. Sonur Ingibjargar er Sverrir Halldór Valgeirsson, fæddur 1. apríl 1985. Aðalheiður vann í Þjóðleikhúsinu og seinna með Sverri í Auglýsingaþjónustunni og æ síðan með honum að hverju því verkefni sem hann tók að sér eða tók sér fyrir hendur. Öllum verkefnunum sinnti Sverrir frá heimili þeirra, fyrst Baldursgötu 12, svo Brávallagötu 12, en þau fluttu á Hrístateig vorið 2000 og þar bjó Sverrir er hann lést 2013.

(Heimild: Hildur Sverrisdóttir Röed)

Afhending: Hildur Sverrisdóttir Röed 19. febrúar 2016. Edvard K. Sverrisson afhenti viðbót við safnið 22. apríl 2016.

Innihald: Bréf, skjöl, ljósmyndir, nótur, hljómplötur o.fl.

Tími: 1893-2013

Magn: 27 öskjur

Formáli frá Hildi Sverrisdóttur og fjölskylduupplýsingar settar fremst í öskju nr. 1

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn, 1936-2013.

Örk 1

Bréf og kort til og frá Sverri Kjartanssyni og fjölskyldu, 1965-1989 og 2003.

Bréf og kort til Sverris Kjartanssonar og fjölskyldu frá Kjartani föður hans, 1968-1983.

Örk 2

Bréf, kort o.fl. frá Kjartani Jónssyni til Sverris sonar hans, 1936-1985.

Örk 3

Bréf, kort o.fl. frá Kjartani Jónssyni til Sverris sonar hans, 1948-1986.

Örk 4

Fæðingar- og skírnarvottorð. Sverrir Kjartansson, útgefið 17. apríl 1939.

Heillaóskaskeyti til Sverris Kjartanssonar í tilefni af tvítugs afmælis hans, 8. maí 1944.

Húsaleigusamningur. Haraldur Þórðarson leigir Sverri Kjartanssyni húsnaði í húsinu nr. 3 við Flótagötu, 14. maí 1957.

Þjóðleikhúsið. Ráðningarsamningur Sverris Kjartanssonar í óperettunni *Káta ekkjan*, 23. apríl 1956.

Þjóðleikhúsið. Ráðningarsamningur Sverris Kjartanssonar í söngleiknum *Ulla Winblad*, 26. nóvember 1957.

Byggingasamningur. Sverrir Kjartansson lofar Byggingasamvinnufélaginu FRAMTAK að taka þátt í byggingu íbúða í félagsdeildinni. Þegar lokið er byggingu allra íbúðanna í þeirri deild skal hann hljóta eina af þeim íbúðum, 15. október 1956. Félagsskírteini Sverris nr. 2 fylgir samningnum, dagsett 30. ágúst 1955.

Teikning af Kjartani Júlíusi Jónssyni sem hann sendir Sverri syni sínum, 6. júní 1950.

Certificate of Marriage. Eiríkur Hermann Sveinsson og Hólmfríður Sigurðardóttir ganga í hjónaband, 24. júní 1959, afrit.

BSF- FRAMTAK. Bréf frá Sverri Kjartanssyni vegna skuldar þeirra við hann og reikningar, 15. desember 1962, afrit.

Skilnaðarsamningur að borði og sæng, kröfulýsingar o.fl., 1967-1975, afrit.

Kammerkórinn. Undirbúningsfundur um félagsstofnun og drög að lögum, 6. janúar 1968.

Karлакór Reykjavíkur: 50 ára afmælisfagnaður. Matseðill Sverris og Aðalheiðar, 29. maí 1976.

Atvinnuumsóknir Sverris Kjartanssonar, 1976-1977, afrit.

Bréf, fyrirspurnir um hótél, ferðir o.fl., 1978, afrit.

Þjóðleikhúsið. Ferð vesturfara Þjóðleikhússins, ferðaáætlun o.fl., sumarið 1975.

Bréf frá Hansínu R. Ingólfssdóttur, 21. maí 1979 og afrit af svarbréfi Sverris Kjartanssonar og meðmælum, 21. júlí 1979.

Bréf vegna íbúðaauglýsinga, 2. júlí 1979, afrit.

Bréf til Aðalheiðar Halldórsdóttur vegna uppsagnar á húsaleigusamningi, 26. júní 1979 og svarbréf Sverris fyrir þeirra hönd, 21. júlí 1979.

Húsaleigusamningur. Inga Jóna Ólafsdóttir leigir Aðalheiði Halldórsdóttur húsnaði að Baldursgötu 6 frá október 1979 til júní 1980, 28. september 1979.

Árroði hf. Hlutabréf Sverris Kjartanssonar í félaginu, 3. febrúar 1987, 3 bréf.

Teiknuð mynd af Sverri Kjartanssyni, án árs.

Félagatal. Félag íslenskra einsögnvara, 1974.

Þjóðleikhúsið. Félagatal Þjóðleikhúskórsins, án árs.

Mynd af Sverri Kristjánssyni í auglýsingu fyrir „Viðskiptabankana“ í *Dagblaðinu & Vísi*, 3. mars 1982.

Blaðagrein um útvarpsþátt Sverris Kristjánssonar, „Úr handraðanum: Rætt við 97 ára gamla konu“, *Dagblaðið* 20. nóvember 1975.

Blaðagrein um útvarpsþátt Sverris Kristjánssonar, „Úr handraðanum: Tímamót í tónlistarlífi“, *Vísir*, 6. september 1975.

Music Writing Book Sverris Kristjánssonar, án árs.

Örk 5

Bréf til mr. Douglas og svar hans, 1. júlí 1969.

Bréf til Ríkisútvarps vegna útvarpsþáttagerðar, 18. febrúar 1976.

Bréf til Ríkisútvarps vegna útvarpsþáttagerðar, 28. apríl 1977, afrit.

Bréf, uppgjör o.fl., 1975-1978.

Blaðaúrklippur. Viðskiptaskrá fyrir Norðurlönd, *Tíminn* 14. nóvember og *Morgunblaðið*, 20. nóvember 1986.

The Decca Gramophone Company Limited. Bréf til Hljóðfærahus Reykjavíkur o.fl., 2. júlí 1973.

Grafskrift Sverris Kjartanssonar, 6. september 2013.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1944-1994.

Vegabréf. Sverrir Kjartansson, útgefið 1. júlí 1947. Fremst í vegabréfinu er 10.00 króna seðill.

Vegabréf. Sverrir Kjartansson, útgefið 29. apríl 1974.

Vegabréf. Sverrir Kjartansson, útgefið 13. apríl 1984.

Vegabréf. Sverrir Kjartansson, útgefið 28. apríl 1994.

A/S Holmenkolbanen, rabattkort.

International Certificates of Vaccination. Sverrir Kjartansson, 28. júlí 1978.
Lyfjakort. Sverrir Kjartansson, 10. ágúst 1993.
Fóstbræður. Félagsskírteini Sverris Kjartanssonar, 1954
Alþýðufokksfélag Reykjavíkur. Félagsskírteini Sverris Kjartanssonar, án árs.
Video- bankinn. Félagsskírteini Sverris Kjartanssonar, 25. júlí 1984.
Internasjonale Folkedansstemne i Oslo, 29. júní til 5. júlí 1955, 6 miðar.
Þjóðleikhúsið. Boðskort vegna 25 ára afmælis Þjóðleikhússins, 20. apríl, án árs.
Nafnspjöld Sverris Kjartanssonar.
Autographs, minningabók, án árs.

Örk 1

41. flokksþing Alþýðuflokksins á Hótel Loftleiðum, dagskrá og fundargögn, 5. til 7. nóvember 1982.

Örk 2

Mandólinhljómsveit Reykjavíkur (leikið aukalega). Ljósrit úr bók yfir hvar M.H.R. hljómsveitin hafi spilað opinberlega 1944.
Mandólinhljómsveit Reykjavíkur og *Briem kvartettinn*. Listi yfir hverjir eru í hljómsveitinni og kvartettinum, hvaða hljóðfæri þau spila á, verkefni hljómsveitarinnar o.fl., 1944-1949, afrit.
Mandólinhljómsveit Reykjavíkur. 1. hljómleikar í Austurbæjarbíó, tónleikaskrá og aðgöngumiði, 1948.
Mandólinhljómsveit Reykjavíkur 30 ára, aðgöngumiðar á hóf í Áttagasal Hótel Sögu, 17. febrúar 1976.

Umslag.

Ljósmynd af Briem- kvartettinum talið frá vinstri: Guðmundur Á. Bjarnason, Sverrir Kjartansson og Páll H. Pálsson. Fyrir framan þá situr Ragnheiður Þórólfsdóttir. Ljósmynd af Briem- kvartettinum talið frá vinstri: Sverrir Kjartansson, Páll H. Pálsson, Ragnheiður Þórólfsdóttir og Guðmundur Á. Bjarnason. Aftan á myndina er ritað: „Briem- kvartettinn. Við kenndum kvartettinn við kennara okkar Sigurð H. Briem“.

Forsíða *Heimilisblaðsins Vikunnar*, nr. 10, 7. marz 1946. Ljósmynd af Briemkvartettinum. Frá vinstri: Sverrir Kjartansson, Páll H. Pálsson, Ragnheiður Þórólfsdóttir og Guðmundur Á. Bjarnason og ljósmynd af Mandólin- hljómsveit Reykjavíkur. Sitjandi talið frá vinstri: Sigrún Jónsdóttir, Aðalheiður Knudsen, Ragnheiður Þórólfsdóttir, Haraldur K. Guðmundsson hljómsveitarstjóri, María Magnúsdóttir, Guðrún Rafnsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir. Standandi frá vinstri: Ólafur Þorsteinsson, Sverrir Kjartansson, Páll H. Pálsson, Karl Sigurðsson, Garðar Guðjónsson, Guðmundur Á. Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Núi Bergmann, Jón K. Jónsson og Halldór Magnússon. Á myndina vantar Axel Kristjánsson, Hafstein Ásbjörnsson og Tage Ammendrup, myndin er líklega tekin 1944-1946.
Ljósmynd. *Mandólinhljómsveit Reykjavíkur* með stjórnandanum Harald. Undir myndinni stendur: „Haraldur situr fyrir miðju og er eini sem ekki hefur hljóðfæri en hann er stjórnandi hljómsveitarinnar. Hvorki fyrr né síðar hefur sambærileg hljómsveit starfað á Íslandi“, útprentun.
Ljósmynd. *Mandólinhljómsveit Reykjavíkur* á hljómleikum í Tjarnarbíó árið 1945, útprentun.
Nótur og textar.

Sigurður H. Briem. *Mandolin- kennslubók*, 1. hefti, án árs.
Oluf A. T. Brøndberg. *Mandolin Skole*, án árs.
G. Munier. *Scuola del Mandolino*, án árs.

Askja 3

Bréfa- og málafn, tónlistarkennslubækur.

Modern Mandolin Method, án árs.
Sunbeam Self-Instructors. *Easy Mandoline Tutor*, án árs.
A. Eggers. *12 Spanske Dande og Melodier*, Mandolin og Guitar, án árs.
Mandolin Players Pasttime. *15 Well Known Compositions for Mandolin and Piano*, án árs.
M. Carassi's. *Method for the Guitar*, 1884.
Fernando Carulli. *Sechs kleine Duette für zwei Gitarren*, án árs.
Georg Friedrich Händel. *Das Händel- Bück für Gitarre*, án árs.
Die Stunde der Gitarre, án árs.
Harry Volpe o.fl. *Yellow Dog Blues* o.fl., 1936.
A. Eggers. *50 Folkeviser: Guitaradccompagnement* o.fl., 1930.

Askja 4

Bréfa- og málafn, 1952-1983.

Leikskrár þeirra söngleikja og ópera o.fl. sem Sverrir Kjartansson tók þátt í.

Þjóðleikhúsið. *La Traviata: ópera í fjórum þáttum*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár 1952-1953, bls. 16.

Þjóðleikhúsið. Tónleikar í tilefni af 10 ára ártíð Emils Thoroddsens tónskálds. Sverrir söng með Þjóðleikhúskórnum, 11. maí 1954, bls. 2.

Þjóðleikhúsið. *O Pagliacci og Cavalleria Rusticana*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár 1954-1955, bls. 17.

Þjóðleikhúsið. *Úlla Winblad*: Sverrir Kjartansson söng hlutverk skáldsins Wetz, leikár desember 1957, bls. 24-25.

Þjóðleikhúsið. *Hátíðasýning og hljótleikar til heiðurs konungi og drottningu Danmerkur*, 11. apríl 1956, Þjóðleikhúskórinn söng í sýningunni.

Þjóðleikhúsið. *Tosca*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, september 1957, bls. 20.

Þjóðleikhúsið. *Il Trovatore*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár 1962-1963, bls. 24.

Þjóðleikhúsið. *Sardasfurstinnan*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár 1963-1964, bls. 25.

Þjóðleikhúsið. *Járnhausinn*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár 1964-1965, bls. 29.

Þjóðleikhúsið. *Ævintýri Hoffmanns*. Sverrir Kjartansson söng hlutverk Andreas þjóns, Cochenille aðstoðarmanns, Franz þjóns og Pitichinaccio, leikár 1965-1966, bls. 24-25.

Þjóðleikhúsið. *Brosandi land*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár 1967-1968, bls. 24-25.

Þjóðleikhúsið. *Carmen*. Sverrir Kjartansson söng með Þjóðleikhúskórnum, leikár október 1975, bls. 18.

Þjóðleikhúsið. *Lér konungur*. Sverrir Kjartansson söng hlutverk kallara, leikár mars 1977, bls. 18.

Þjóðleikhúsið. *Helena fagra*. Sverrir Kjartansson söng hlutverk smíðs og var einn leikenda sem „þjóðin“, leikár maí 1977, bls. 18.

Þjóðleikhúsið. *Söngför Þjóðleikhúskórsins til Færeyja*, dagskrá, september 1978. Á myndinni af kórnum á bls. 3 er Sverrir Kjartansson sjötti frá vinstri í miðröð.

Þjóðleikhúsið. *Káta ekkjan*. Sverrir Kjartansson söng hlutverk De St. Brioché, leikár mars 1978, bls. 10. Á bls. 13 er mynd af Þjóðleikhúskórnum sem á 25 ára afmæli þetta ár. Sverrir Kjartansson er sjötti frá vinstri í öftustu röð.

Þjóðleikhúsið. *Afmælistónleikar: Þjóðleikhúskórinn 25 ára*. Sverrir Kjartansson söng með kórnum, leikár maí 1978, bls. 3 og þar er einnig mynd af kórnum.

Þjóðleikhúsið. *Prinsessan á bauninni*. Sverrir Kjartansson með í hlutverki í „hirðinni“, leikár maí 1979, bls. 10.

Þjóðleikhúsið. *La Bohème*. Sverrir Kjartansson söng hlutverk lögregluþjóns, leikár apríl 1981, bls. 15. Á bls. 10 er mynd úr *Madame Butterfly* þar sem Sverrir söng hlutverk Goro hjúskaparmiðlara, hann er annar frá hægri.

Örk 1

Cavalleria Rusticana

Bréf vegna hljómplötuútgáfu, samningar, greiðsluáætlanir, greinargerð, minnisblöð o.fl., 1983.

Nafnalisti yfir þá sem sungu á Torginu í Kringlunni.

Þjóðleikhúskórinn. Áskriftalistar, 3. október 1983.

Gjafalisti og bréf Baldvins Tryggvasonar, 19. desember 1983.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Listi yfir hljóðfæraleikara.

Cavalleria Rusticana, listi yfir söngvara

Cavalleria Rusticana, umslag- innsíður.

Umslag. Ljósmynd af Erlingi Vigfússyni og æviágrip.

Umslag. Passamyndir af Ingvaldi Hjaltsted og bréfmíði.

Umslag. Passamynd (filma) af Sigríði Ellu Magnúsdóttur.

Umslag. Bréf og ljósmyndir af Jean Pierre Jacquillat.

Cavalleria Rusticana á hljómplötu, umfjöllun í *Þjóðviljanum*, 28. september 1983.

Erlingur Vigfússon syngur Dichterliebe, frétt í DV, 27. apríl 1983.

Sagt frá plötuútgáfu Þjóðleikhúskórsins, *Tíminn*, 28. september 1983.

Operan Cavalleria Rusticana hljóðrituð til útgáfu, *Morgunblaðið* 1. október 1983.

Cavalleria Rusticana gefin út á hljómplötu, umfjöllun í *Morgunblaðinu*, 21. desember 1983.
Hún er komin! Auglýsing um hljómplötuna í *Morgunblaðinu*, 21. desember 1983.
Umslag. Ljósmyndir frá fyrri sýningu á *Cavalleria Rusticana*, 1954.
Umslag. Ljósmyndir frá sýningu á *Cavalleria Rusticana*, 1983.
Mappa. *Cavalleria Rusticana*, ljósmyndir og yfirlitsmyndir frá uppfærslu 1983.
Nótur.
Þjóðleikhúsið. *Cavalleria Rusticana*, handrit á íslensku, 1983.
Pietro Mascagni. *Cavalleria Rusticana*, handrit að óperu, merkt Þjóðleikhúsið.
Mascagni. *Cavalleria Rusticana*, texti og nótur, án árs.
His Master's Voice. *Cavalleria Rusticana*, handrit, án árs.
Cavalleria Rusticana- tvær hljómplötur og tvær textabækur sem gefnar voru út í tilefni af 30 ára afmælis Þjóðleikhúskórsins, eintök sett í öskju nr. 27.

Askja 5

Bréfa- og málafn, auglýsingaþjónustan og útvarpsþættir, 1962-1992.

Örk 1

Auglýsingaþjónustan. Bréf, samningur, reikningar o.fl., 1962-1976.

Dagbók, líklega frá Auglýsingaþjónustunni og þrjár auglýsingar, 15. janúar 1968 til 2. júlí 1968.

Örk 2

Útvarpsþættir, 1. nóvember 1974 til 8. janúar 1977 afritun af 78 snúninga bandi. Afritun af 78 snúninga plötum seldum útvarpi. Tónmenntaefni: Sigfús Einarsson, Gunnar Reynir Sveinsson, Jón Leifs, Karl O. Runólfsson o.fl.

Örk 3

Útvarpsþættirnir „Hin gömlu kynni“ og „Úr handraðanum“, efnisskrá o.fl., 1. nóvember 1974 til 8. janúar 1977.

RÚV. Ríkisútvarpið. Greitt fyrir vinnu Sverris Kjartanssonar vinnuskýrsla og reikningar, 1990-1992.

Örk 4

Skjöl um útgáfu á verkum Þórarins Jónssonar o.fl., 1977-1979.

Askja 6

Bréfa- og málafn líklega frá 1974-1976.

Líklega „Úr handraðanum“- útvarpsþáttum Sverris Kjartanssonar. Handrit að þáttum, umsagnir um fólk, staði og tónleika á Íslandi og erlendis, tónleikaskrár, textar og nótur, minnisblöð, minningarorð, ljósrit úr dagblöðum o.fl.

Askja 7

Bréfa- og málafn 1978-2005.

Umslag

Auglýsingaljósmyndir fyrir símaskrána, sex myndir, án árs.

